

## AUGLÝSING

um

verzlunar- og siglingasamning milli Íslands og gríska lýðveldisins.

Stjórnir Íslands og Grikklands hafa þann 28. jan. 1930 gert með sér verzlunar- og siglingasamning, er hérmeð birtist í þýðingu.

Með því að Hans hátign konungi Íslands og Danmerkur og forseta gríska lýðveldisins leikur hugur á að bæta og efla hin þjóðhagslegu viðskipti milli Íslands og Grikklands hafa þeir ákvarðað að gera verzlunar- og siglingasamning milli landanna, og hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur:

Herra Herluf Zahle, sérlegan sendiherra sinn og ráðherra með umboði í Berlín.

Forseti gríska lýðveldisins:

Herra Euthymios Canellopoulos, sérlegan sendiherra sinn og ráðherra með umboði hjá Hans hátign konungi Íslands og Danmerkur.

sem, eftir að hafa tjáð hvor öðrum umboð sín, er reyndust góð og gild, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi greinar:

## 1. grein.

Ísland og lýðveldið Grikkland skuldbinda sig til að veita hvort öðru í öllu því er lýtur að verzlun þeirra, iðnaði og siglingum, jafngóð kjör sem þau, er veitt eru, eða veitt kunna að verða þeirri þjóð, er beztu kjörum sætir.

## 2. grein.

Að því er lýtur að verzlun skal ákvæðið um beztu kjör sérstaklega ná til aðflutnings- og útflutningsgjalda og til sérhverra annarra gjalda, til skilyrða, sem sett eru fyrir innflutningi og útflutningi, til flutnings á vörum yfir og um löndin, og til banna eða tálmana á innflutningi og útflutningi, nema því aðeins að slíkar ráðstafanir séu fyrirskipaðar af heilbrigðisástæðum eða vegna öryggis ríkisins.

## 3. grein.

Að því er snertir siglingar skal beztu kjara ákvæðið sérstaklega ná til hverskonar gjalda, svo og til aðgangsins fyrir skip að ferma og afferma vörur og til allra fyrirmæla viðvikjandi skipum og áhöfn þeirra.

Þjóðerni skipa ber gagnkvæmt að viðurkenna samkvæmt skjölum og skilríkjum, sem útgefin hafa verið af hlutaðeigandi yfirvöldum hvors landsins um sig samkvæmt gildandi lagafyrirmælum.

Mælingaskírteini útgefin af öðrumhvorum hinna háu samningsaðila

skulu viðurkennd af hinum aðilanum samkvæmt yfirlýsingunni frá 18/20 nóvember 1895.

77  
20. júlí

Haffærisskirteini útgefin af öðrumhvorum samningsaðilanum skulu á sama hátt viðurkennd af hinum aðilanum.

#### 4. grein.

Sérhver hinna háu samningsaðila mun veita ríkisborgurum hins aðilans, svo og félögum, stofnuðum í hagsmunaskyni, beztu kjör að því er snertir aðgang, búsetu og atvinnurekstur, réttinn til að eignast og eiga lausafé og fasteignir, og að því er snertir skatta og gjöld.

Eignir ríkisborgara annarshvora hinna háu samningsaðila mega ekki verða teknar eignarnámi í landi hins aðilans, né heldur má svipta þá, jafnvel ekki um stundarsakir, afnotarétti eignanna nema þá af tilliti til opinberra hagsmuna og almenningsheilla, og að svo miklu leyti sem að eigin ríkisborgarar verða, undir sömu kringumstæðum, að sæta því sama. Bætur þær, sem samkvæmt þessu koma í staðinn, skulu goldnar undir sömu skilyrðum og sett eru fyrir innlenda menn.

#### 5. grein.

Samning þennan ber að staðfesta og staðfestingarskjölum skal skipzt á í Berlín.

Samningurinn gengur í gildi fimmtán dögum eftir að staðfestingarskjölin hafa verið afhent, og gildir í eitt ár eftir gildistöku og áfram þar til þrem mánuðum eftir að honum hefir verið sagt upp af öðrumhvorum samningsaðilanum.

Þessu til staðfestu hafa hlutaðeigandi umboðsmenn undirritað samning þennan og sett við innsigli sín.

Saminn í tveim eintökum í Berlín, 28. janúar 1930.

Herluf Zahle.  
(L. S.)

E. Canelopoulos.  
(L. S.)

### LOKABÓKUN

Undirritaðir, er hafa mætt í dag til þess að undirskrifa hjálagðan verzlunar- og siglingasamning hafa orðið ásáttir um það sem hér fer á eftir.

1. Að athugaðri afstöðu þeirri sem samkvæmt Sambandslögunum frá 30. nóvember 1918 er á milli Íslands og Danmerkur, er samkomulag um, að Grikkland getur ekki vísað til ákvæða samningsins er hér fer á undan til þess að krefja

**77** handa sér þau sérréttindi, sem Ísland hefir veitt, eða kann síðar meir að veita  
20. júlí Danmörku.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmennirnir undirritað bókun þessa.

Berlín, 28. janúar 1930.

**Herluf Zahle.**  
(L. S.)

**E. Canellopoulos.**  
(L. S.)

Staðfestingarskjölum skipzt á í Berlín þann 14. maí 1931.

Um leið og samningurinn var undirritaður var skipzt á erindum milli umboðsmannanna þar sem því var lýst yfir, að beztu kjaraákvæði samningsins skyldu gagnkvæmt ganga í gildi þá þegar.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

*Forsætisráðherrann, 20. júlí 1931.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

**78**  
20. ágúst

## AUGLÝSING

um

samning er gerður var á Þingvöllum þann 27. júní 1930 milli Íslands og Danmerkur um aðferðina við úrlausn deilumála.

**SAMNINGUR**

**OVERENSKOMST**

milli

mellem

Íslands og Danmerkur um aðferðina við úrlausn deilumála.

Danmark og Island angaaende Fremgangsmaaden ved Bilæggelse af Tvistigheder.

Hin konunglega íslenzka og hin konunglega danska ríkisstjórn, sem óska eindregið að styðja að því að deilumál milli landanna verði útkljáð

Den kongelige danske og den kongelige islandske Regering, der er besjælede af Ønsket om at fremme Bestræbelserne for Afgørelse ved